Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi

Fundargerð – skipulag jólaföndurs 2026

Fundardagur: Mánudagur 9. nóvember 2026
Fundartími: Kl. 17:00–17:26
Fundarstaður: Grunnskólinn í Stykkishólmi
Fundarritari: Sigríður Silja Sigurjónsdóttir

Mætt: Hermann Hermannsson, Anna Margrét Ólafsdóttir, Sunna Guðný Högnadóttir, Steinunn Alva Lárusdóttir, Þórhildur Eyþórsdóttir, Kári Geir Jensson, Svava Gunnarsdóttir, Elva Rún Óðinsdóttir, Eva Dögg Einarsdóttir, Orri Þorkell Einarsson, Eydís Ösp og Sigríður Silja Sigurjónsdóttir.

1. Tilefni fundar

Fundurinn var haldinn til að undirbúa og skipuleggja árlegt jólaföndur foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi.

Rætt var um fjölda og fyrirkomulag föndurstöðva, efnivið, verkaskiptingu, kynningu og aðra þætti viðburðarins.

2. Dagsetning og tímasetning jólaföndurs

Ákveðið var að jólaföndur foreldrafélagsins færi fram **þriðjudaginn 1. desember 2026, kl. 17:00–19:00**.

3. Föndurstöðvar og hugmyndir að dagskrá

Farið var yfir mögulegar föndurstöðvar og afþreyingu á viðburðinum.

Málun og skreytingar

- Málun á krukkum.
- Málun á bollum.
- Piparkökuskreytingar.
- Saltkrukkur skreyttar með borðum. Ákveðið var að kanna útfærslu Eddu og Þóru, sem hafa séð um slíka stöð áður.

Jólaföndur og handavinna

- **Perlustöð:** Eva Dögg Einarsdóttir tók að sér að útvega mynstur og fyrirmyndir sem þátttakendur geta fylgt.

- **Sjálfharðnandi leir:** Rætt var um að útbúa niðurskorna kassa til að geyma föndurmuni í á meðan þátttakendur fara á milli stöðva.
- **Pakkamiðagerð:** Rætt var um hvort hefðbundin jólakortagerð væri nægilega vel nýtt og hvort hentugra væri að bjóða upp á gerð pakkamiða. Lagt var til að hafa tilbúnar fyrirmyndir og undirbúa efnivið með því að klippa hann niður fyrir viðburðinn.

Kertastöð

Rætt var um hvort halda ætti áfram með kertastöð líkt og undanfarin ár.

Svava Gunnarsdóttir benti á að mikið magn óbrenndra kerta hefði orðið eftir hjá Ásbyrgi að lokinni kertastöð síðasta árs. Því þyrfti að meta hvort ástæða væri til að endurtaka stöðina með sama fyrirkomulagi.

Spilastöð

Rætt var um að hafa spilastöð líkt og áður. Fram kom að stöðin hefði verið vel sótt á síðasta ári, sérstaklega af unglingum.

Jólasveinar og myndataka

Lagt var til að fá jólasveina í heimsókn og bjóða upp á myndatöku með þeim.

4. Veitingar og fjáröflun

Rætt var um möguleika á kakósölu í tengslum við jólaföndrið, hugsanlega á vegum 5. bekkjar.

Einnig var rætt um sölu á smákökum og hvort hentugast væri að staðsetja veitingasöluna í matsal skólans eða framar í húsnæðinu.

Endanleg útfærsla var ekki ákveðin á fundinum.

5. Innkaup og kostnaður

Rætt var um að hver og einn umsjónaraðili föndurstöðvar sæi um innkaup á efnivið fyrir sína stöð og legði út fyrir kostnaði.

Berglind Lilja Þorbergsdóttir, gjaldkeri foreldrafélagsins, myndi síðan endurgreiða útlagðan kostnað gegn kvittunum.

6. Undirbúningur og verkaskipting

Ákveðið var að nýta Facebook-hóp foreldrafélagsins til áframhaldandi skipulagningar.

Þar verða útbúin tvö skjöl:

- Hugmyndaskjal fyrir föndurstöðvar og útfærslu þeirra.
- Skráningarskjal þar sem þátttakendur geta skráð sig til að hafa umsjón með stöðvum og öðrum verkefnum.

Einnig var rætt um eftirfarandi verkefni:

- **Kynning:** Óskað verður eftir því að Nadine sendi tölvupóst til foreldra með upplýsingum um jólaföndrið.
- **Tónlistarskólinn:** Sunna Guðný Högnadóttir tekur að sér að upplýsa Tónlistarskólann um fyrirhugaðan viðburð.
- **Auglýsing:** Í auglýsingu verður sérstaklega bent á að þátttakendur komi með kassa eða ílát til að geyma föndurmuni sína.
- **Áframhaldandi skipulag:** Frekari ákvarðanir um stöðvar, efnivið og verkaskiptingu verða teknar í Facebook-hópi félagsins.

7. Fundarslit

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 17:26.

Fundargerð ritaði:
Sigríður Silja Sigurjónsdóttir
Ritari foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi